

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 73/1917.

Ráðherra Íslands  
fyrir hönd landssjóðs  
gegn

A. V. Tulinius fyrir hönd  
hlutafélagsins Det kgl.  
oktrojerede Sø-Assurance  
Kompani i Kaupmannahöfn.

### D ó m u r :

Með gufuskipinu »Fenris« voru 11. sept. 1915 sendar af stað frá Hjalteyri við Eyjafjörð 3000 tonnur af saltaðri sild til Bergen og var lögákveðið útflutningsgjald áður greitt af farmi þessum. En á útsiglingunni rendi skipið á grunn á svonefndu Hrólfskeri í Eyjafirði; náðist þó af grunninum og var fært aftur til Hjalteyrar. 13. s. m.; var tekið að afferma það þar, en hætt við það og skipið með öllum farminum dregið inn á Akureyrarhöfn; þar var farmurinn fluttur í land og gert að skipinu; að því búnu voru aftur látnar í skipið 2000 tonnur af farminum, en eigi meira af því að skipshöfnin neitaði að fara með því fullhlöðnu og hélt skipið svo aftur leiðar sinnar til Bergen 29. s. m. Af þeim 1000 sildartunnum, sem eftir voru af farminum á Akureyri, voru 984 tonnur sendar með gufuskipinu »Vaagen« áfram til Bergen 26. okt. s. á. Um leið og skipin »Fenris« og »Vaagen« voru afgreidd frá Akureyri, krafðist bæjarfógetinn þar, að útflutningsgjald væri aftur greitt af farminum, 2984 tunnum, kr. 1492,00, og ennfremur krafðist hann verðhækkunartolls samkvæmt lögum nr. 16, 16. sept. 1915, kr. 895,20. Var

Þessum kröfum mótmælt af sendanda farmsins, en hann greiddi þó gjöldin með fyrirvara um að fá þau endurgreidd úr landssjóði. Áminstur síldarfarmur var váttrygður hjá hlutafélaginu »Det kongelige oktrojerede Sö-Assurance Kompani« í Kaupmannahöfn og er umboðsmaður þess hér á landi A. V. Tulinius yfirréttarmálaflutningsmaður; fór hann fram á það í bréfi til stjórnarráðsins 7. okt. s. á., að gjöld þau, er greidd voru af farminum við afgreiðslu »Fenris« frá Akureyri 29. sept., væru endurgöldin, og með því að stjórnarráðið í bréfi 30. nóv. s. á. neitaði að verða við þeirri kröfu, en það hafði komið í hlut váttryggjanda við niðurröfnun sjóttjónsins að greiða þessi gjöld, höfðaði nefndur umboðsmaður félagsins þetta mál fyrir þess hönd á bæjarþingi Reykjavíkur gegn ráðherrum Íslands, og krafðist þess, að þeir fyrir hönd landssjóðs væru dæmdir til að greiða sér fyrir hönd hlutafélagsins 2387 kr. 20 aur. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi. Gekk dómur í málinu 26. júlí f. á. á þá leið, að tekin var til greina krafa stefnanda um endurgreiðslu útflutningsgjaldsins, 1492 kr., með vöxtum, en ekki verðhækkunartollsins, kr. 895,20. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hafa báðir málsaðilar skotið til yfirdómsins, landsstjórnin með stefnu dags. 5. sept. f. á., og er af hennar hálfu krafist fullrar sýkunar í málinu og málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, og A. V. Tulinius fyrir hönd h.f. »Det kgl. oktrojerede Sö-Assurance Kompani« með gagnstefnu útg. 11. s. m., og eru kröfur hans hinar sömu og fyrir bæjarþinginu, að honum verði dæmd-

ar 2387 kr. 20 aur. úr landssjóði með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, svo og málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Um útflutningsgjaldið er þess fyrst að geta, að synjun áfrýjanda um endurgreiðslu þess er í fyrrgreindu bréfi stjórnarráðsins 30. nóv. 1915 bygð á því, að það skifti eigi máli, hvað af útfluttum farmi verður, eftir að skipið er afgreitt, og verði því að telja rétt, að útflutningsgjald var innheimt í síðara skiftið, er »Fenris« var afgreiddur; virðist eiga að skilja þetta svo, að telja beri gjaldskylda vöru útflutta í hvert skifti, sem skip það, er vörunar flytur, er afgreitt frá íslenskri höfn og hvort sem gjald hefir áður verið greitt af vörunni eða eigi, enda er því haldið fram af hálfu áfrýjanda, að umgetinn síldarfarmur hafi verið aðfluttur, þegar hann var lagður á land á Akureyri eftir strand »Fenris« og útfluttur í annað sinn, þegar hann síðar var látinn til útflutnings í nefnd skip, og að greinimark þess að varan sé útflutt sé afgreiðsla skipsins, er vöruna tekur til útflutnings.

Gjald það, er hér ræðir um, er samkvæmt lögum nr. 16, 4. nóv. 1881 lagt á útflutning þeirra vara, er taldar eru í lögnum, og er þá útflutningur skilyrði fyrir gjaldskyldunni. Af þessu leiðir, að sé sama varan flutt út oftari en einu sinni, ber að taka gjald af henni í hvert skifti en hins vegar er eigi í lögnum heimild til að taka meir en eitt gjald af vöru, sem að eins eitt skifti flyzt út, þó að skipið eða skipin, sem hún flyzt með séu afgreidd oftari frá íslenskri höfn. Fyrimælin í 3. gr. laganna um að

gjaldið skuli greitt áður en skip það, sem í hlut á, er afgreitt frá þeirri höfn, er það leggur af stað frá, fara eigi í bága við þetta; þar er ákveðinn eindagi gjaldsins, að það skuli greitt fyrirfram, og er það ákvæði eðlilega sett til þess að gera innheimtu gjaldsins viðráðanlega, en raskar engu um það, að útflutningur ræður gjaldskyldu vörunnar, en eigi afgreiðslu skipsins. Þegar gjaldið þannig hefir verið greitt, er það eigi afturkræft þó að eigi verði af útflutningi vörunnar, með því að til þess brestur heimild í lögunum. Að þessu leyti er það rétt að engu skiftir hvað um farminn verður eftir að skipið hefir verið afgreitt, en þetta verður að eins talið eiga heima um vöru, er gjaldið er tekið af í fyrsta sinn. En rísi spurning um það, að krefja gjalds af vörunni í annað sinn eða oftár, verður að rannsaka hvort verið sé að hefja nýjan útflutning vörunnar, og á því, hvort svo hafi verið, veltur úrlausn ágreiningsins í máli þessu um það, hvort útflutningsgjald hafi með réttu verið tekið tvisvar af áminstum síldarfarmi. Það verður nú eigi litið svo á eftir þeim atvikum, sem að framan er lýst, að nýr útflutningur á síldarfarmi þessum hafi verið hafinn, þegar hann var látin í skipin »Fenris« og »Vaagen« 29. sept. og 26. okt. 1915, en alt verður að telja sama útflutninginn frá því farmurinn var sendur af stað frá Hjalteyri og þar til er hann að lokum var afgreiddur frá Akureyri, og skiftir það hér engu að nokkuð af farminum var látið til flutnings í annað skip.

Það ályst eftir þessu eigi hafa verið heimild til að heimta hið umstefnda útflutningsgjald, og verður

Þá krafa áfrýjanda um breytingu á bæjarþingsdómnum að þessu leyti eigi tekin til greina, en honum ber að greiða stefnda 1492 kr. með vöxtum eins og segir í dómnum.

Í gagnsökinni er þess krafist að dómnum verði breytt á þá leið, að áfrýjandi verði dæmdur til þess og að endurgreiða stefnda verðhækkunartollinn. Gjald þetta var lagt á með fyrnefndum lögum nr. 16, 16. sept. 1915, er öðluðust gildi sama dag. Í 4. gr. laganna segir svo: »Skal það (gjaldið) greitt áður en skip það, er vöruna tekur til flutnings, er afgreitt frá útflutningshöfn hennar«. Það verður að líta svo á, að útflutningshöfn síldarfarmsins hafi verið Akureyri eftir að hann hafði verið fluttur þar á land, og með því að bæði skipin, er farminn tóku til flutnings, voru afgreidd þaðan eftir að lögin náðu gildi, var það með heimild þeirra að verðhækkunartolls var krafist af farminum. Ákvæði dómsins um þetta málsatriði verður þá eigi heldur raskað, og með því að einnig verður fallist á málskostnaðarákvæði hans, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.